

Ásahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Laugalandi
851 Hellu

Garðabær, 6.9.2024
Málsnúmer: 202408-0042
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 – Nýtt efnistökusvæði við Sigöldustöð

Vísað er til erindis Ásahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 29. ágúst 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi s Ásahrepps 2020–2032 vegna efnistökusvæðis við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar.

Breytingartillagan felur í sér að skilgreint verður nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni af svæðinu hefur verið nýtt við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingartillöguna. Svæðið sem um ræðir er hvorki friðlýst né á náttúruinjakrá og þar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi eða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur